



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneyti
Lækjartorgi Stjórnarráðshús
101 Reykjavík



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík 28. maí 2021
Tilv.: FOR21020117/2.4.1

Efni: Bréf til allra sveitarstjórna vegna þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni

Á síðasta ári samþykkti Alþingi þingsályktun, nr. 37/150, um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025. Lögð er áhersla á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, í íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi. Forvarnaráætluninni fylgja 26 aðgerðir sem eru brotnar niður í sex meginþætti og eru ábyrgðaraðilar 18 talsins og þar á meðal skólaskrifstofur sveitarfélaga og skólastjórar grunn- og leikskóla. Skipaður hefur verið sérstakur stýrihópur leiddur af forsætisráðuneytinu sem hefur það hlutverk að fylgja áætluninni eftir með sérstöku mælaborði þar sem staða aðgerða er uppfærð tvisvar á ári.

Við vonum að með aðgerðunum geti þeir fjölmörgu aðilar sem vinna með börnum og unglíngum stillt saman strengi og unnið saman að markmiðum áætlunarinnar. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur á grundvelli áætlunarinnar ráðið forvarnarfulltrúa sem kemur til með að styðja við skólaskrifstofur sveitarfélaganna við miðlun fræðslu og forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Þá vinnur Menntamálastofnun að gerð fræðsluefnis fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla, sem ásamt íþrótt-, æskulýðs-, og tómstundastarfi gegna lykilhlutverki við framkvæmd áætlunarinnar.

Með bréfi þessu hvetjum við sveitarfélög og stofnanir þeirra til að taka höndum saman með ábyrgðaraðilum og stýrihópi forsætisráðuneytis og koma áætluninni til framkvæmdar.

Viðhengi: Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025.


Katrín Jakobsdóttir


Aldís Hafsteinsdóttir